

ROBIN HEMLEY

## Sannleikur sem við gætum lifað með

Þótt móðir mín, Elaine Gottlieb, hafi verið rithöfundur og stundum skrifað um mig, mátti ég ekki skrifa um hana. Samt hvarflaði aldrei að mér að hún myndi banna mér það, þar til hún lét það í ljós. Hún var smásagnahöfundur sem stundum skrifaði skáldsögur og þótti á yngri árum einn af efnilegri höfundum sinnar kynslóðar. Saga eftir hana birtist í *The Best American Short Stories* (1946) og John Crowe Ransom hjá *The Kenyon Review* var í hópi þeirra sem studdu við hana dyggilega. En ferill hennar dalaði með tímanum; hún giftist föður mínum, svo kom útgáfan hans, þýðingar þeirra á verkum Isaacs Bashevis Singer, bróðir minn, systir mín, ég – allt hjó þetta í tíma hennar og orku og loks fyrirheit.

Ég ólst upp sem persóna í smásögum móður minnar – átti meira að segja hugmyndina að einni þeirra. Þegar ég var ellefu ára dreymdi mig eðlu að gera jógaæfingar og lagði til við móður mína að hún skrifaði um það. Sem hún gerði, með sínum hætti. Hún samdi sögu um ellefu ára strák sem ásamt öðru ímyndar sér eðlu í jóga. Sagan „Eðlan“ var tileinkuð mér og kom út í *The Southern Review* og var endurprentuð í verðlaunasafni O. Henry.

### *Þá vorum við bandamenn.*

Samt þótti mér alltaf óþægilegt að rekast á lítt dulbúna útgáfu af sjálfum mér innan um aðrar persónur í sögum hennar og lesa um eitthvað slæmt í fari mínu sem móðir mín hafði tekið eftir. Það má segja að þetta hafi verið eins konar bókmenntalegar skammir. Þær voru margar. Þegar ég kveinkaði mér, svaraði hún: „Þetta er skáldskapur, elskan. Það á enginn eftir að þekkja þig.“ En auðvitað var það svar í sjálfu sér skáldskapur. Ég vissi betur og vissi að móðir mín væri að skrásetja galla mína fyrir komandi kynslóðir.

Þegar ég hóf að skrifa mínar eigin sögur var það í góðu lagi hennar vegna. Vissulega örlaði stundum á afbrýðisemi en stoltið var yfirsterkara. Það birtust



Ritið  
3. tbl. 24. árg. 2024 (217-220)  
Þýðing

© 2024 Ritið, úmarit Hugvísindastofnunar  
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.24.3.10  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

færri og færri sögur eftir móður mína þar sem bókmenntasmekkurinn hafði breyst með tímanum og það var ekki lengur hægt að segja að hún væri „efnileg“. En við höldum áfram að styðja hvort annað og ég aðstoðaði hana við að koma út síðustu sögunni sinni, fallettri smíð sem hét „Dansinn í lok stríðsins“ og byggði á því þegar hún lærði undir handleiðslu málaraans Roberts Motherwell við Black Mountain háskóla.

Allt var í lagi þar til ég ákvað að skrifa endurminningabók um eldri systur mína Nolu. Hún hafði glímt við geðklofa og látist tuttugu og fimm ára úr þegar hún tók of stóran skammt lyfseðilsskyldra lyfja, þegar ég var fimmtán. Móður minni óaði við að ég ætlaði að skrifa sannsögu um fjölskyldu okkar. „Af hverju geturðu ekki breytt þessu í skáldskap?“ spurði hún. Áhugavert, en það sem hún kallaði skáldskap var nær því að vera endurminningar þar sem nöfnum hafði verið breytt. Ég vildi ekki eiga við nöfnin.

Þetta leiddi af sér spennu á milli okkar en ég felldi hana einfaldlega inn í bókina. *Nola: A Memoir of Faith, Art and Madness* fjallaði að sumu leyti minna um systur mína en spurninguna: Hvað megum við skrifa um og hvað ekki. Þar sem ég tilheyrir fjölskyldu rithöfunda ákvað ég að nota eitt og annað sem við höfðum skrifað til að varpa ljósi á fjölskyldulífið og sögu systur minnar. Ég studdist við brot úr sjálfsvísögu sem systir mín hafði skrifað síðasta árið sem hún lifði, smásögu eftir móður mína sem var lykilsaga (*à clef*) um mig og systur mína, einhver réttarskjöl og smásögu eftir mig sem fjallaði um kvöldið áður en systir mín lést. Sú saga birtist í fyrsta smásagnasafninu mínu. Markmiðið var að sýna að ekki skipti máli hvort um væri að ræða skáldskap eða sannsögu – sársaukinn beggja megin væri sá sami og álíka raunverulegur. Þegar móðir mín kvartaði í símann yfir að hún yrði að gerast einsetumanneskja þegar ég lyki við endurminningabókina, fór ég beint á skrifstofuna mína og skráði samtal okkar nánast orðrétt. Ég geri ráð fyrir að slíkt teljist ósvífið en sjálfum fannst mér það réttlæt看legt, jafnvel skipta sköpum.

### *Móðir mín var ósammála.*

Þótt hún fylgdist með mér meðan á skriftum stóð, hélt ég áfram án þess að sýna henni eitt einasta orð. Ég sýndi varla neinum neitt. Ég vissi að ég þyrfti að klára þetta fyrir sjálfan mig áður en ég færi að sýna það öðrum. Ég samdi við hana. Hún fengi bókina þegar hún væri tilbúin og gæti þá látið mig hafa punkta og endurgjöf, ég myndi vinna úr því eins og frá hverjum öðrum ritstjóra.

Þegar ég lauk loks við bókina þurfti ég að efna lofordið, en það var ekki svo einfalt. Á meðan ég hafði setið við skriftir hafði móðir mín fengið slæma gláku

og hrörnun í augnbotni. Til að standa við mitt neyddist ég til að lesa bókina upp fyrir hana, kafla fyrir kafla. Í tvær vikur á hverju kvöldi keyrði ég heim til hennar og las fyrir hana. Þótt ég vissi að þetta færi ekki allt vel í hana – smánin af geðsjúkdómnum, sársaukinn sem hún upplifði við að missa dóttur sína, og afhjúpun þess að móðir mín hefði ekki verið gift föður systur minnar, önnur skömm í augum móður minnar – veðjaði ég á að hún væri nógu stolt af mér sem höfundu og elskaði mig nógu mikið til að láta þetta yfir sig ganga.

En það var kaffi framarlega í bókinni sem ég gat ekki hugsað mér að lesa fyrir hana. Faðir minn hafði dáið úr hjartaáfalli, því fyrsta, þegar hann var fimmtíu og eins árs. Ég var sjö ára og bróðir minn fimm árum eldri og þetta kvöld var okkur skutlað í hús vinafólks á meðan móðir mín – í félagsskap systur minnar, Nolu, og góðrar vinkonu móður minnar, ljóðskáldsins Patricia Goedicke – keyrði átta tíu kílómetra frá Athens í Ohio til Columbus þar sem faðir minn lá á gjörgæslu. Heimilislæknirinn okkar, Goldsmith, útskýrði alvarlegur fyrir móður minni í einrúmi að hann myndi ekki lifa nóttina og hún skyldi ekki fara aftur til Athens. Móðir mín hlustaði ekki. Hún hafði verið heyrnarskert frá fæðingu og gengið með heyrnartæki í báðum eyrum mestalla ævi. En þetta var tilfinningalegt heyrnarleysi, ekki líkamlegt. Þegar hún kom til baka á biðstofuna vildu Patricia og Nola fá að vita um horfur. „Það verður í finu lagi með Cecil,“ svaraði móðir mín. „Goldsmith sagði að við gætum farið heim og hvílt okkur og komið aftur á morgun.“ Þær keyrðu til Athens.

Seinna um nóttina vaknaði Patricia við símhringingu. Það var Goldsmith læknir. „Hvar er Elaine?“ spurði hann. „Cecil er að fara.“

Patricia hraðaði sér að húsinu okkar og hringdi dyrabjöllunni. Það svaraði enginn þótt hún hamaðist á bjöllunni. Þegar hún kíkti inn um stóra útsýnigluggann á framanverðu húsinu sá hún hvar móðir mín sat í stól með drykk í hendi, með ljósin kveikt, en væntanlega slökkt á heyrnartækjunum.

Mér hefur alltaf fundist þessi saga sýna vel hvernig móðir mín höndlaði stór vandamál og erfiðar staðreyndir. Hún klæddi þau í skáldskaparþúning, líkt og við gerum öll að vissu marki. Breytti þeim í sannleika sem hún gæti lifað með.

Þegar Patricia sagði mér þessa sögu, vissi ég að ég yrði að nota hana, en ég skildi líka að sú stund rynni upp að við móðir mín þyrftum að ræða saman um fortíðina, blátt áfram og opinskátt, frekar en að pakka henni inn í skáldskap eða grafa hana. Nú var sú stund upp runnin, þegar ég stóð frammi fyrir hálfblindri og næstum heyrnarlausri móður minni, eftir meðferðir og aðgerðir sem höfðu í raun lítið gert fyrir hana. Ég hætti lestrinum.

Ég vissi að ég gæti sleppt kaflanum án þess að hún tæki eftir því. Það myndi

hlífa henni við svolitlum sársauka. En ég vissi líka að með því væri ég að svíkja loford mitt. Það myndi líka grafa undan því sem ég vildi koma á framfæri – við sjálfan mig og hana. Ég hélt lestrinum áfram.

Ég minnst djúprar þagnar sem tók við þegar ég var búinn. Hún sat kyrr um stund, líkt og ég sjálfur, svipað og þegar við biðum í drunum á veröndinni hjá ömmu, sem bjó í fluglínu JFK-vallar, eftir að einhver þotan færi hjá svo við heyrðum aftur hvort í öðru. Loks sagði hún: „Ég man þetta ekki svona.“

Ég er ekki viss um hver viðbrögð mín voru. Þekki ég sjálfan mig rétt – og það má deila um það – reyndi ég að dempa samviskubitið með því að beina því út á við og sýna henni samúð. Líklega talaði ég um hversu skiljanleg viðbrögð hennar hefðu verið. Ég veit að viðbrögð mín helguðust að hluta til af eigingirni, bón svolítið spillta krakkans, *gerðu það* ekki láta mig stroka þetta út. Ég segi að viðbrögð mín hafi að hluta til helgast af eigingirni, en ekki að öllu leyti. Ég fann til mikillar hryggðar yfir þessum kafla og þjáningum hennar. Ég var svo ungur þegar faðir minn dó. Það fyrsta sem ég sá þegar ég kom aftur heim eftir dvölinna í vinahúsinu var móðir mín sitjandi í sama stólnum og Patricia hafði fundið hana í. En þá var hún ekki ein. Hún sat þarna rauð í framan og ringluð, fólk tvístigandi í kring, muldrandi án þess að segja nokkuð beint við hana. Þegar hún kom auga á mig, teygði hún fram handleggina og ég hljóp grátandi til hennar og gróf mig ofan í faðm hennar og bólstraðan stólinn, bugaður af sorg yfir að sjá móður mína svona umkomulausa í þessu herbergi fullu af fólki. Þá var ekkert annað að gera eða segja.

Þegar systir mín dó átta árum síðar spurði móðir mín hvort ég vildi ræða við einhvern og eldri ég hefði kannski svarað: *Já, mig langar til að tala við þig*. En mig skorti þroska til að bera fram þá bón. Ég var að því núna.

Ég hafði skrifað bók til að gera henni það ljóst. Þegar kom að móður minni var engin önnur leið. Bækur, eftir allt saman, voru tungumál fjölskyldunnar, eina leiðin til að opna okkur hvert fyrir öðru.

*Huldar Breiðfjörð þýddi*